

Veiðifélag Eystri-Rangár
Móeiðarhvoli 2
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 3.3.2022
UST202004-295/F.T.
08.12.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 14. júní. 2019 þar sem stofnunin lagði dagsektir á Veiðifélag Eystri-Rangár, Laugum, vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 17. desember 2018. Álagningu dagsekta var í kjölfarið frestað frá dags. 1. júlí. 2019 að beiðni rekstraraðila. Veittur var frestur til að bregðast við þeim frávikum sem um ræddi.

Frávikin voru eftirfarandi:

1. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningum í rekstrarhandbók er ábótavant. Skrá skal afföll, magn, gerð og meðhöndlun úrgangs. Skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningar um losun efna út í umhverfið vantar.
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar.
4. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Neyðaráætlun vegna óvæntrar rekstrarstöðvunar vantar.
5. Gr. 2.1 og 2.6 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Beita skal bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins. Frárennsli skal forhreinsa áður en það berst í viðtaka. Ástand settjarnar er óviðunandi. Moka skal upp úr henni og/eða betrubæta hreinsun frárennslis.

Umhverfisstofnun staðfesti úrbætur vegna frávíkanna í síðasta eftirliti og telst frávikunum lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávíka frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 13.200 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Halla Einarsdóttir
staðgengill sviðsstjóra

Frigg Thorlacius
lögfræðingur